



Kópavogi, 15. nóvember 2022
2211270/020.00 BR

Efni: Erindi Indriða Inga Stefánssonar um bætta upplýsingaveitu til bæjarbúa varðandi framkvæmdir

Erindi: Til að bæta þjónustu við bæjarbúa og minnka álag á þjónustuver þá væri rakið að koma upp slíkri framkvæmdasjá. Reykjavík hefur verið með sambærilegt verkefni í gangi sem hefur reynst ágætlega.

Tillaga er að viðmið verði 2 vikur en það mætti hliðra ef það er óheppilegt viðmið. Með þessum hætti mætti líka þrýsta á verkaðila að klára verkliði tímanlega.

Svar: Í kortasjá Kópavogs map.is/kopavogur er til staðar virkni sem gerir fært að bæjarbúar sjái hvar framkvæmdir eru og geti leitað sér nánari upplýsingar um framkvæmdir. Fyrir rúmum fjórum árum var gerð tilraun til að nýta þessa virkni þar sem skráðar voru inn helstu framkvæmdir ásamt upplýsingum og völdum verkeikningum. Þessu var hætt að nokkrum mánuðum liðnum sökum þess tíma sem það fór í að uppfæra og skrá upplýsingarnar og manneklu á umhverfissviði. Ekki var teljandi munur á fyrirspurnum um framkvæmdir sem bárust með tölvupóst eða öðrum leiðum á meðan framkvæmdaupplýsingar voru færðar inn en eflaust ef það hefði verið hægt að halda áfram með verkefnið og kynna það frekar að það hefði verið betur nýtt.

Vafalaust væru einhverjir bæjarbúar sem myndu nýta sér upplýsingar sem færðar væru inn en utanhaldið á upplýsingunum er umtalsvert. Allur mannaflí umhverfissviðs er fullnýttur og við að bæta auka verkefnum á starfsfólkið mun það þýða að önnur verkefni muni sitja á hakanum. Er einföld spurning um forgangs röðun hvort upplýsingaskráning er mikilvægara en önnur verkefni en svarið er talsvert flóknara.

Í dag eru stærri framkvæmdir sem hafa áhrif á umferðarflæði tilkynntar á vef Kópavogsbæjar og á facebooksíðu þjónustumiðstöðvar Kópavogs þannig að upplýsingastreymið er eitthvað þó eflaust gæti það verið betra.

Virðingarfyllt.

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar